



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
SIÐFRÆÐISTOFNUN

Vilhjálmur Árnason  
stjórnarformaður

# Um starfsemi Siðfræðistofnunar

## Ársfundur 2019

Háskóla Íslands, 10. janúar 2020



# Efni fundarins

- Á ársfundi er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á árinu
- Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi Siðfræðistofnunar, um nýjungar í fræðunum eða önnur málefni sem varða hlutverk stofnunarinnar
- Eftir greinargerð um starfsemi stofnunarinnar 2019 verður umræða um hlutverk, ímynd og stöðu stofnunarinnar



# Starfsreglur (2. gr.)

- Hlutverk Siðfræðistofnunar er:
  - að efla og samhæfa rannsóknir í siðfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,
  - að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda háskóla og aðra rannsóknaraðila á sviði siðfræði,
  - að gefa út fræðirit, námsefni og kynna niðurstöður rannsókna í siðfræði,
  - að veita upplýsingar og ráðgjöf um siðfræðileg efni,
  - að sinna stjórnslu vegna námskeiða sem deildir bjóða fram sem hluta af þverfaglegu námi í siðfræði, einkum til meistaraþrófs,
  - að treysta samvinnu milli deilda í þágu þverfaglegs náms og efla skilning á þeim hagsmunum sem náminu tengjast,
  - að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum um siðfræði.



# Stjórn og starfsmenn

- Siðfræðistofnun Háskóla Íslands
  - Heyrir undir Hugvísindastofnun, aðsetur í Gimli
  - Stjórnarmenn:
    - frá námsbraut í heimspeki (Vilhjálmur Árnason, formaður), guðfræðideild (Sólveig Anna Bóasdóttir), menntavísindasviði (Ástríður Stefánsdóttir), háskólaráði (Haraldur Briem) og kirkjuráði (Elínborg Sturludóttir)
    - Verkefnastjóri Páll Rafnar Þorsteinsson



# Framhaldsnám í siðfræði

- Samvinna við námsbraut í heimspeki um meistaranám í hagnýtri siðfræði. Þrjú kjörsvið
  - Heilbrigðis- og lífsiðfræði
  - Umhverfis- og náttúrusiðfræði
  - Viðskiptasiðfræði
  - 27 brautskráðir; 19 skráðir
- 30e diplómanám í gagnrýninni hugsun og siðfræði. Fjórir brautskráðir; sex skráðir
- Doktorsnám í hagnýtri siðfræði (4 nemar). Fyrsta doktorsverkefni lokið 2016



# Útgáfa

- *Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur*, ritstjórar Vilhjálmur Árnason og Henry Alexander Henrysson. Háskólaútgáfan 2018
- Niðurstöður þverfaglegs rannsóknarverkefnis, styrkt af Rannís 2013–2015
  - Fjallað var um bókina á ársfundi stofnunarinnar á ársfundi 25. janúar 2019 með þátttöku fulltrúa fjögurra þingflokka



# Aðrir helstu viðburðir 2019

- Hans van Delden hélt opinn fyrirlestur 28. mars um siðfræði rannsókna (community engagement)
- Málþing 4. apríl um efni lýðræðisbókarinnar: Er í lagi með lýðræðið á Íslandi? Brotalamir og umbætur
- Afmælistmálþing (30 ára) 24.–25. maí. Heiðursgestur Jonathan Wolff. Þrjár málstofur um helstu viðfangsefni stofnunarinnar gegnum tíðina og málstofa í minningu Páls Skúlasonar
- Samstarf við Landvernd og LHÍ um málþingið „Endalaus framtíð–betra líf?“. Haldið 20. nóv.



# Samstarf

- *Public Health and Personal Genomics. Challenges for Solidarity-Based Health Care (PubGen)*. Styrkt af NosHS 2014–2015, nú RHÍ;
  - Rannís-umsókn: *The Genetic Wealth of a Nation? The Challenges of Population Genomics and Personalized Medicine in Iceland*. GeNAT
- *Nordic-Baltic Network for Philosophy of Medicine and Medical Ethics*. Samstarf Siðfræðistofnana, upphaflega styrkt af NordForsk.
  - Fundur í Tartu í júní 2019. Næst í Greifswald í júní 2020 í tengslum við málþing um „Medicine and Time“
- *Governance of Health Data in Cyberspace*. NordForsk 2017–2021.
- *Bioethics and Political Philosophy*. Styrkur NOS-HS 2019–2020 til að halda þrjár málstofur, í Stokkhólmi, Árósum og Skálholti
- *LýðHá*. Samstarf við HA um lýðræðislegt hlutverk háskóla. Alþjóðleg ráðstefna í byrjun apríl





# Þjónusta og ráðgjöf

- Fulltrúar Siðfræðistofnunar eru tilnefndir í fjölmargar nefndir og ráð á vegum hins opinbera (sbr. heimasíðuna)
- Ráðgjöf um setningu og innleiðingu siðareglna hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum
- Fræðsluerindi fyrir stofnanir og faghópa
- Þátttaka í starfshópum sem undirbúa lagafrumvörp
- Umsagnir um fjölmörg lagafrumvörp á starfsárinu (heimasíða)
- Framvinduskýrsla til forsætisráðherra um innleiðingu tillagna starfshóps ráðherra um eflingu trausts á stjórnmálum og stjórnsýslu
- Ráðgjöf tengd verkefnum einstakra ráðuneyta: Heilbrigðisþing, rökræðukönnun á vegum Forsætisráðuneytisins



# Fjárhagur

- Stofnunin hefur staðið höllum fæti og er með skuldahala. Rektor hefur lýst yfir vilja til að styrkja stofnunina
- Framlag úr Aldarafmælissjóði tengt samþættingarverkefninu skiptist milli námsbrautar í heimspeki og Siðfræðistofnunar
- Framlag Hugvísindastofnunar er háð styrkjum til rannsóknarverkefna
- Samningur við Forsætisráðuneytið í des. 2018 gerði stofnuninni kleift að ráða verkefnastjóra í fullu starfi
- Heimild í samningnum um að fá sérstaklega greitt fyrir viðamikil og tímafrek sérfræðiálit.



# Áætluð starfsemi 2020

- Hádegisfundir
  - Samstarf við gæðaráð HÍ um (ó)heiðarleika í vísindum
  - Í tengslum við lagafrumvörp eða önnur mál í umræðunni
  - Gestafyrirlestrar (Hlynur Orri Stefánsson 9. mars; A.C. Grayling 30. mars)
- Útgáfuáform: Ritröðin Siðfræði og samtími
  - Siðfræði rannsókna; Fagmennska
- Ráðgjöf
  - Eftirfylgni tilmæla starfshóps um eflingu trausts
  - Námskeið um siðareglur fyrir starfsfólk stjórnslu og hugsanleg aðkoma að gerð námsefnis fyrir stjórnslu og atvinnulíf



# Hlutverk, ímynd og staða stofnunarinnar

- Mál sem kunna að hafa haft áhrif á ímyndina
  - Siðanefnd Alþingis og úrskurðir hennar
  - Umsögnin um þungunarrof og samhengið sem hún er sett í
  - Tengsl við Kirkjuráð
  - Hugsanlega óuppfylltar væntingar til stofnunarinnar
- Samningurinn við forsætisráðuneytið
  - Eftirfylgni með tillögum starfshópsins um traust
  - Hver ráðherra sem og Alþingi hefur heimild til að óska eftir ráðgjöf um einstök mál á sínu málefnasviði
  - Siðfræðistofnun getur að eigin frumkvæði beint athugasemdum um siðfræðileg álitaefni til ráðuneyta og annarra stjórnvalda



# Í ljósi reynslu

- Eftirfylgni hefur falist í því að fylgjast með framvindu mála, fyrirspurnum um stöðu þeirra og framvinduskýrslu í árslok
- Áttum von á fleiri beiðnum frá einstökum ráðuneytum og Alþingi
- Hugmyndir um að styrkja faglegt bakland stofnunarinnar, t.d. með tengslum við HA og ráðgjafaráði
- Vandasamt er að meta hvort, hvenær og hvernig stofnunin eigi að hafa frumkvæði að athugasemdum um siðfræðileg álitæfni til stjórnvalda
- Í hvaða tilvikum hefðum við getað stigið fram og þá með hvaða hætti (formlega, óformlega, í fjölmiðlum, með umræðufundum, sérfræðialitum)?



Takk fyrir!



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

## SÍÐFRÆÐISTOFNUN

